

Réttur útlendinga til að vinna á Íslandi

Laun og önnur starfskjör

Námskeið í íslensku

Réttur útlendinga til að vinna á Íslandi

Launafólk frá aðildarríkjum EES hefur rétt til að ráða sig til vinnu hér á landi án sérstaks atvinnuleyfis samkvæmt reglum EES-samningsins um frjálsa för launafólks.

Aðildarríki EES eru: Ísland, Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lichtenstein, Lúxembúrg, Malta, Noregur, Portúgal, Spánn, Svíþjóð og Pýskaland. Sambærilegar reglur gilda um Sviss.

Reglur um frjálsa för launafólks taka ekki gildi fyrir ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands fyrr en 1. maí 2006. Sækja verður um atvinnuleyfi vegna þeirra með sama hætti og gildir um launafólk frá ríkjum utan EES.

Um ríkisborgara frá löndum utan EES gildir sú regla að atvinnurekandi verður að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi vegna þeirra áður en þeir koma hingað til lands.

Námskeið í íslensku

Samkvæmt lögum eiga atvinnurekandi og stéttarfélag að veita starfsmanni með tímabundið atvinnuleyfi upplýsingar um grunnnámskeið í íslensku fyrir útlendinga, samfélagsfræðslu og aðra þá fræðslu sem honum og fjölskyldu hans stendur til boða.

Laun og önnur starfskjör

Stéttarfélög semja um laun og önnur starfskjör launafólks á vinnumarkaði. Kjarasamningar sem stéttarfélög gera við sína viðsemjendur úr hópi atvinnurekenda gilda sem lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæði viðkomandi stéttarfélags. Í kjarasamningum eru ákvæði um laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, reglur um kaupgreiðslur og launaseðla, laun í veikinda- og slysa-forföllum, vinnu- og hvíldartíma, orlof og aðra frídaga, aðbúnað starfsmanna á vinnustað, uppsagnarfresti, iðgjöld til sjúkra-, orlofs-, starfsmennta- og lífeyrissjóða o.fl. Ákvæði kjarasamninga um þessi atriði eru lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein. Samningar einstakra launamanna og atvinnu-rekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða eru ógildir.

Ráðningarsamningur

Atvinnurekendum ber innan tveggja mánaða frá því að starfsmaður hefur störf að gera við hann skriflegan ráðningarsamning. Í ráðningarsamningi þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um nöfn samningsaðila, vinnustað starfsmannsins, stutt lýsing á starfi hans, launakjör, starfshlutfall auk upplýsinga um aðild að lífeyrissjóði og stéttarfélagi. Ef launamaður er frá ríki utan EES-svæðisins (eða 8 nýju aðildarríkjunum) verður ráðningar-

Launaseðill

Ráðningarsamningur

Hvíldartími starfsmanna

Vinnutími

Starfsmaður

Starfsmaður

samningur að fylgja með umsókn atvinnu-rekanda um atvinnuleyfi vegna hans.

Launaseðill

Starfsmaður á rétt á því að fá í hendur launaseðil við hverja útborgun launa sem hafi að geyma sundurliðun á launaútreikningi. Einnig skal allur frádráttur sundurliðaður, s.s. vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Það er mikilvægt fyrir launamann að fá launaseðil í hendur, því ef atvinnurekandi greiðir ekki skatta, lífeyrissjóðsiðgjöld, félagsgjöld til stéttarfélags ef hann hefur ekki launaseðilinn til að sanna að gjöldin hafi verið dregin af honum.

Vinnutími

Lögbundin vinnuvika er 40 vinnustundir frá mánudegi til föstudags. Í sumum atvinnu-greinum hafa stéttarfélög samið um styttri vinnuviku, s.s. hjá skrifstofu- og verslunarfólki. Matartími starfsmanna er að jafnaði minnst 30 mínútur en oftast 60 mínútur. Kaffitímar í dagvinnu eru að jafnaði tveir, 20 mínútur hvor og teknir fyrir og eftir hádegi.

Hvíldartími starfsmanna

Launafólk á rétt á 11 klst. samfelldri lágmarks-hvíld á hverju 24 klst. tímabili og a.m.k. einum hvíldardegi á viku í beinu framhaldi af daglegri lágmarkshvíld. Vikulegur hvíldardagur skal, að svo miklu leyti sem því verður við komið,

Jafnrétti karla og kvenna

Veikindi og slys starfsmanna

Starfsmaður

Starfsmaður

vera á sunnudegi. Hámarksvinnutími á viku skal að jafnaði ekki vera lengri en 48 virkar vinnustundir, að yfirvinnu meðtalinni.

Veikindi og slys starfsmanna

Starfsmenn eiga rétt á veikindalaunum frá atvinnurekanda í ákveðinn tíma forfallist þeir vegna veikinda eða slysa í sínum frítíma. Á fyrsta starfsári hjá atvinnurekanda ávinna starfsmenn sér almennt 2 veikindadaga á mánuði. Verði starfsmaður fyrir vinnuslysi á hann rétt á launum frá atvinnurekanda í allt að þrjá mánuði til viðbótar við áunninn veik- indarétt sinn. Starfsmanni ber að tilkynna um veikindi, auk þess sem atvinnurekandi getur krafist þess að hann leggi fram læknisvottorð. Atvinnurekendum er skylt að tryggja starfsmenn fyrir dauða, varanlangri örorku, eða tímabundinni örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.

Orlof

Allt launafólk á rétt á því að taka sér árlegt launað orlof frá störfum. Lágmarksorlof samkvæmt lögum eru tveir virkir dagar fyrir hvern unninn mánuð á orlofsári. Lágmarksorlofslaun eru 10,17% af heildar-launum. Í kjarasamningum stéttarfélaga er oft að finna ákvæði um betri orlofsréttindi.

Lífeyrissjóðir

Orlof

Starfsmaður

Starfsmaður

Lífeyrissjóðir

Öllu launafólki er skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs er reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endur-gjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Lágmarksiðgjald er 10% af iðgjaldsstofni, sem skiptist í 4% framlag launamanns sem er dregið af launum hans og 6% mótframlag atvinnurekanda. Mótframlag atvinnurekanda verður 7% árið 2005 og 8% árið 2007. Til viðbótar getur starfs- maður lagt til a.m.k. 2% viðbótarframlag í líf- eyrissjóð (sameignar- eða séreignarsjóð) og skal þá mótframlag atvinnurekanda vera 2%.

Jafnrétti karla og kvenna

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Með kjörum er, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

Skattar

Atvinnurekanda er skylt að draga mánaðar- lega af launum starfsmanna sinna tekjuskatt og útsvar og skila til skattstjóra. Skatthlutfall í staðgreiðslu árið 2005 er 37,73%. Launafólk á rétt á sérstökum persónuafslætti



Starfsréttindi

Stéttarfélag, félagsgjöld og trúnaðarmenn

Nánari upplýsingar

sem er dreginn frá tekjum áður en þær eru skattlagðar. Persónuafsláttur er 28.321 kr. á mánuði árið 2005. Til að launfólk geti notað persónuafslátt sinn ber því að afhenda launagreiðanda/atvinnurekanda skattkort sitt, sem sækja má um hjá skattstjóra. EES-borgarar og aðrir sem þurfa ekki atvinnuleyfi fá skattkort eftir að dvalarleyfi hefur verið gefið út. Aðrir fá það útgefið eftir að atvinnu- og dvalarleyfi hefur verið gefið út.

Starfsréttindi

Réttur launafólks til að vinna tiltekin störf er í lögum víða bundinn skilyrðum um að viðkomandi hafi lokið tilteknu námi eða öðlast sérstaka löggildingu til að mega starfa í starfsgreininni. Þá er á ýmsum sviðum gerð krafa um að starfsmaður hafi ákveðin starfstengd réttindi, svo sem aukin ökuréttindi eða vinnuvélaréttindi. EES-samningurinn kveður á um rétt erlends launafólks til að fá menntun sína, starfsréttindi og starfsreynslu sem það hefur aflað í öðru EES-ríki viðurkennd hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem um það gilda.

Stéttarfélag, félagsgjöld og trúnaðarmenn

Stéttarfélag semja um laun og önnur starfskjör launafólks á almennum vinnumarkaði. Atvinnurekanda ber að draga

félagsgjald af launum starfsmanna sinna og skila því til hlutadeigandi stéttarfélags. Félagsgjaldið er þóknun fyrir gerð kjarasamnings um laun og önnur starfskjör, það stendur undir kostnaði vegna daglegrar þjónustu stéttarfélags við félagsmenn og hagsmunagæslu félagsins gagnvart atvinnurekendum. Þá ber öllum atvinnurekendum að greiða iðgjöld í sjúkrasjóði og orlofsjóði viðkomandi stéttarfélagi samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar segja til um. Trúnaðarmenn stéttarfélagi hafa það hlutverk að gæta þess að kjarasamningar séu haldnir af atvinnurekanda og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt starfsmanna. Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins á vinnustað með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda. Stéttarfélag eru óháð stjórnvöldum og allt sem starfsmenn ræða um við trúnaðarmann stéttarfélags er trúnaðarmál.



Nánari upplýsingar um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði veita

Alþýðusamband Íslands

Sætún 1, 105 Reykjavík
sími: 53 55 600 símbref: 53 55 601
www.asi.is

Starfsgreinasamband Íslands

Sætúni 1, 105 Reykjavík
Sími: 562 6410, símbref: 552 6830
www.sgs.is

Samiðn, samband iðnfélaga

Borgartúni 30, 108 Reykjavík
Sími: 535 6000, símbref: 535 6020
www.samidn.is

Rafiðnaðarsamband Íslands

Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
Sími: 580 5200, símbref: 580 5220
www.rafis.is

Landsamband Íslenskra Verslunarmanna

Kringlunni 7, 103 Reykjavík
sími 588 1300, símbref 5101727
www.landssamband.is

MATVÍS, matvæla- og veitingasamband Íslands

Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
Sími 580 5200, símbref 580 5220
www.matvis.is

Nánari upplýsingar á þínu eigin tungumáli

Alþjóðahús

Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík
sími, 530 9300 símbref, 530 9301
info@ahus.is

Alþjóðhús veitir ráðgjöf, fræðslu, tülka- og þýðingarþjónustu og upplýsingar í þeim tilgangi að auðvelda aðlögun fólks af erlendum uppruna að íslensku samfélagi.

Sjómannasamband Íslands

Sætún 1, 105 Reykjavík
sími 561 0769, símbref 561 0774
www.ssi.is

Opinberar stofnanir

Þjóðskrá – Hagstofan

Borgartúni 24, 150 Reykjavík
sími, 569 2900 símbref, 569 2949
thjodskra@thjodskra.is

Einstaklingur sem hefur fengið dvalarleyfi ber að skrá lögheimili sitt hjá Þjóðskrá, eftir komu til landsins.

Útlendingastofnun

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík
sími 510 5400 símbref, 510 5405
utl@utl.is
Útlendingastofnun sér um útgáfu dvalarleyfa.

Vinnumálastofnun

Hafnahúsinu Tryggvagötu, 150 Reykjavík
sími, 515 4800 símbref, 511 2520
vinnumalastofnun@vmst.is
Vinnumálastofnun sér um útgáfu atvinnuleyfa.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

Hverfisgata 113-115, 150 Reykjavík
sími, 444 1000, símbref 444 1015
Dvalar- og atvinnuleyfi eru sótt til lögreglunnar í Borgartúni 7B, 150 Reykjavík, sími 444 1400, símbref 444 1401, og til lögreglunnar um landið.

Fjölmenningssetur

Árnagötu 2-4, 400 Ísafjörður
sími, 450 3090 símbref, 450 3005
info@mcc.is

Stofnunin hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi.



Vinna á Íslandi

